



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni 20. janúar klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Sigrún Valdimarsdóttir, Ívar Hauksson, Hákon Leifsson, Sigurður Elmar Birgisson, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir og Einar Gíslason.

1. Bókhaldskerfi

- A.** Þann 22. desember varð öryggisbrestur hjá Wise sem þjónustar Fák um bókhaldskerfi. Segir í tilkynningu frá Wise þann 23. desember:

Með bréfi þessu upplýsist að Wise lausnir ehf. hefur orðið fyrir öryggisbresti sem hefur eða kann að hafa áhrif á þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur fyrir viðskiptavinum sínum sem vinnsluáðili í skilningi laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Bresturinn felst í fjandsamlegri árás utanaðkomandi aðila, en utanaðkomandi árársaðili komst inn í umhverfi Wise sem hýsir gögn sem unnin eru í eftirfarandi kerfum félagsins:

- Navison ásamt sérkerfum Wise
- Business Central ásamt sérkerfum Wise

Fákur hefur fylgt leiðbeiningum Wise um tilkynningu til persónuverndar auk þess að skipta um lykilorð. Wise hefur unnið að því að upplýsa viðskiptavinum sem málið snertir og hefur félagið ekki fengið neina tilkynningu frá þeim um að umræddur öryggisbrestur hafi haft áhrif á Fák.

- B.** Þjónustuaðili bókhaldskerfis Fáks, Wise, hefur tilkynnt að hætt verði að þjónusta núverandi kerfi á árinu og leggur Wise til að Fákur færi sig í sambærilegt kerfi sem fyrirtækið býður upp á. Tilboð er kynnt stjórn.

Stjórn samþykkir tilboðið.

2. Eignaskiptayfirlýsing fyrir Almannadal

Fákur þarf að finna nýjan aðila til að gera eignaskiptayfirlýsingu fyrir byggingarréttarhafa í Almannadal. Samkvæmt útboðsskilmálum er innifalið í söluverði byggingarréttar meðal annars gerð eignaskiptayfirlýsingar. Sá aðili sem hefur séð um gerð þessara eignaskiptayfirlýsinga hefur ekki áhuga á að taka verkið að sér. Óskar framkvæmdastjóri eftir heimild til að ráða aðila til að gera eignaskiptayfirlýsingu.

Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til að finna aðila til að gera eignaskiptayfirlýsingar fyrir Almannadal.



3. Mótahald

Framkvæmdastjóri fundaði með keppnisnefnd í síðustu viku og var farið yfir helstu dagsetningar móta fram á sumar.

4. Lán hjá Íslandsbanka

Útlit er fyrir góðan hagnað af rekstri félagsins fyrir árið 2024. Gerð er tillaga um að greiða 5 milljónir inn á lán sem félagið er með og stendur í um 14.8 milljónum. Við það lækka vaxtagreiðslur á ári um 650 þúsund og greiðslubyrði um rúm 80 þúsund á mánuði.

Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.

5. Samstarfssamningur við Alendis

Í gildi er samstarfssamningur milli Fáks og Alendis um framleiðslu og dreifingu á Reykjavíkurmestaramóti og Gæðingamóti Fáks 2024-2025. Hafa forsvarsmenn Alendis áhuga á að uppfæra samninginn og sýna frá öðrum viðburðum í Fákí. Málið er kynnt stjórnarmönnum.

Ákveðið er að halda áfram með núverandi samning en opna fyrir viðræður um aðra viðburði sé vilji fyrir því.

6. Losun hrossataðs

Búið er að leysa mál tímabundið er varðar losun hrossataðs í Fákí. Með aðstoð Reykjavíkurborgar hefur starfsleyfi verktaka á svæðinu við kirkjugarð í Grafarholti verið breytt og grein 2.1. hljóðar því eftir breytingu svo:

2.1. Starfsleyfið gildir fyrir móttöku á allt að 630.000 m³ af úrgangi þ.e. hreinu og ómenguðum jarðefni frá uppgreftri. Einnig er heimilt að taka á móti hrossataði, allt að 10% af heildarmagni, á gildistíma leyfisins. Hrossataði skal blandað saman við annað mótttekið efni í hlutföllum sbr. að ofan. Leitast skal við að kom hrossataði fyrir þar sem fyrirhugað er að gróður- og skjólbelti verði samkvæmt deiliskipulagi.

Haldinn var fundur þann 14. janúar síðastliðinn þar sem allir helstu hagsmunaaðilar mættu og ræddu málin. Mættir voru fulltrúar frá öllum hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu, Sorpa, Land og Skógar, Heilbrigðiseftirlit Kragans og fulltrúi frá LH. Ræddar voru ýmsar hugmyndir fyrir losun á hrossataði og ljóst að vinna verður áfram með þessum aðilum að því að finna framtíðarlausn.

7. Erindi frá félagsmanni

Borist hefur erindi frá félagsmanni út af hrossataðsmálum sem hafa verið áberandi undanfarna mánuði. Sendir félagsmaður stjórn kynningarefni um biogas-vinnslu í Þýskalandi sem tekur við hrossataði og vinnur úr því gasefni og áburð. Viðkomandi hefur sett sig í samband við framleiðsluáðilann erlendis varðandi frekari upplýsingar um stöðina og rekstur hennar.

Stjórn þakkar fyrir upplýsingarnar.



8. Dagur reiðmennskunnar og stórsýning Fáks 29. mars

Framkvæmdastjóri, formaður, Friðfinnur Hilmarsson, Þórir Örn Grétarsson og Kári Steinsson hittust og fóru yfir drög að Degi reiðmennskunnar og Stórsýningar Fáks. Verið er að skipuleggja viðburðinn og hafa samband við reiðkennara og sýnendur.

9. Þorrablót

Framkvæmdastjóra er falið að hafa samband við Sprett um að halda Þorrablót félaganna saman þann 8. febrúar næstkomandi.

10. Viðrunarhólf

Stjórn samþykkir að bæta við reglugerð um viðrunarhólf að séu hólf ekki fjarlægð að hausti fara þeir aðilar sem girðingarnar eiga aftast í úthlutun hólfra árið eftir. Uppfærsla reglna verður auglýst á heimasíðu Fáks.

11. Kerrusvæði

Prenta þarf límmiða fyrir eigendur hestakerra sem greitt hafa árgjaldið fyrir 2025.

Stjórn áréttar til kerrueigenda sem geyma hestakerrur sínar í hverfunum að skrá sig fyrir kerrusvæði á kerrusvæðinu.

Fundi slitið 18:15

Fundargerð ritaði Einar Gíslason